

*Sent í samráðsgátt Alþingis*

Reykjavík, 3. október 2024

Alþingi  
Fjárlaganefnd  
*b.t. Njáls Trausta Friðbertssonar, formanns*

**Efni: Umsögn til fjárlaganefndar vegna frumvarps til laga um fjárlög 2025, 155.  
löggjafarþing, þskj. 1 - 1. mál.**

**Nokkur orð um starfsumhverfi landbúnaðarins og búvörusamninga**

Niðurgreiðslur landbúnaðarvara hafa átt sér stað hérlendis síðan árið 1943 og er sá stuðningur ríkisins ein leið til kjarajöfnunar fyrir heimilin í landinu. Þannig hófu stjórnvöld að niðurgreiða búvörur með það að markmiði að draga úr verðbólgu og tryggja bændum svipuð laun og sambærilegar stéttir ljócfélagsins voru með á þeim tíma. Óumdeilt er að ein af grunnþörfum mannsins er að nærast og niðurgreiðsla á innlendum landbúnaðarafurðum snýr þ.a.l. einnig að því að tryggja almenningi aðgengi að matvælum, ekki síst öruggum matvælum. Þá er í þessu samhengi vert að hafa í huga að fæðuöryggi á grundvelli innlendra landbúnaðarframleiðslu er hluti af núgildandi þjóðaröryggisstefnu sem og landbúnaðarstefnu stjórnvalda til ársins 2040.

Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er beintengt búvörusamningum hverju sinni. Samningarnir eru gerðir á grundvelli búvörulaga og er ætlað að endurspegla hinar ýmsu skyldur stjórnvalda gagnvart íslenskum landbúnaði og að sama skapi þær kröfur sem gerðar eru til bænda s.s. varðandi framleiðslu.


**Skyldur ríkisins gagnvart búvöruframleiðendum**

Skyldur ríkisins gagnvart búvöruframleiðendum eru margvíslegar og er þeim m.a. ætlað að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði þannig að framleiðsla sé í takt við þarfir á innanlandsmarkaði hverju sinni. Tilgangur búvörulaga nr. 99/1993 er nokkuð skýr og er kveðið á um hann í sex staflidum í 1. gr. laganna. Þar segir t.a.m. í b-lið 1. gr. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar skuli vera í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Þá segir enn fremur í ákvæði d-liðar 1. gr. að kjör þeirra aðila sem stunda landbúnað skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Að þessu leyti, þá hefur það verið markmið stjórnvalda um langa hríð að tryggja eigi bændum sambærileg kjör m.v. aðrar stéttir. Hvað séu hins vegar eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar í lögnum, t.a.m. í 5. másl. 1. mgr. 8. gr. laganna þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur. Þar segir að áætlað vinnuframlag skuli skila endurjaldi hliðstæðu og gerist ljá þeim stafrstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.

Þá segir í 2. mgr. 30. gr. búvörulaga að heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun búvörusamninga, sbr. 1. mgr., á samningstímanum þar sem metin séu áhr. f. og þróun samkvæmt samningunum og teknar upp samningaviðræður að nýju te. jist þess þöf.<sup>1</sup> Því verður að telja að samkvæmt lögnum sé nokkuð skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta. Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum. Þeir skuldbinda sig til að framleiða landbúnaðarafurðir og báðir aðilar, þ.e. ríkið og bændur, skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur þannig auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar. Ríkisvaldinu ber þannig lögum samkvæmt að tryggja stafræðisráði í landbúnaði með einum eða öðrum hætti.


### Innsýning síðustu ára vegna afkomuvanda

Flestar búgreinar standa frammi fyrir miklum áskorunum í sínum rekstri og hluti þeirra býr við afkomubrest. Staðan er ekki frábrugðin því sem var árin 2022 og 2023 þegar stjórnvöld komu til móts við bændur með auknum stuðningsgreiðslum. Leita þarf nokkuð langt aftur í tímann til að finna tímamark þar sem afurðartekjur og opinber stuðningur var nægur til að sauðfjár- eða nautgripabú á Íslandi skiluðu rekstrarafgangi. Þá niðurstöðu má sjá á þeim tölum rekstrarverkefnis RML og m.a. voru lagðar til grundvallar tillögum ráðuneytisstjórahópsins árið 2023. Afurðaverð mjólkur, nauta- og lambakjöts hefur hækkað umtalsvert á undanförunum tveimur árum sem viðbragð við hækkanði rekstrarkostnaði en betur má ef duga skal og með þessu áframhaldi er líklegra en ekki að samdráttur í bændastéttinni muni halda áfram og framleiðsla landbúnaðarafurða sömuleiðis.



Mynd 1 Heimildir: RML, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Reikningar gerðir af Bændasamtök Íslands

<sup>1</sup> Um er að ræða nýmæli er kom inn með lögum nr. 102/2016, um breytingu búvörulaga o.fl. vegna búvörusamninga.



Mynd 2 Heimildir: RML, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Reikningar gerðir af Bændasamtök Íslands

Á myndunum hér á undan má sjá þróun á afkomu meðal sauðfjár- og nautgriparæktunar. Gögnin frá 2020 til 2022 eru tekin úr rekstrarverkefnum RML en stöplarnir fyrir 2023 og 2024 eru byggðir á framreikningi Bændasamtakanna. Árið 2023 var algjör forsendubrestur fyrir rekstri í landbúnaði og þrátt fyrir að margt bendi til þess að það versta sé yfirstaðið þá sé það engu síður staðreynd að enn ná bændur ekki endum saman og kjör þeirra endurspeglar ekki kjör á almennum vinnumarkaði þrátt fyrir skýr ákvæði laga þar um.

### Mælingar á rekstraraðstæðum í landbúnaði

Undanfarin tvö ár hefur ríkið komið með auknum hætti að rekstri landbúnaðar og hafa þær aðgerðir skipt sköpum í þeim lífróðri sem bændur hafa staðið í. Í kynningu ráðuneytisstjórahópsins kom fram að kerfið væri ekki að virka sem skyldi og að líklegt væri að ríkið myndi þurfa að stíga aftur inn með fjárframlag fyrir en síðar.

Löngum hefur verið rætt meðal fulltrúa ríkisins og bænda að viðnámsþrótturinn sé orðinn lítill sem enginn innan stéttarinnar og þegar róðurinn þyngist þá sé einna mikilvægast að ríkisvaldið stígi inn í tæka tíð. Þar af leiðandi er það bæði brýnt verkefni og þarft að reglulega verði gerð stöðutaka á rekstrarumhverfi landbúnaðarins og að gætt verði að því að ekki líði of langur tími frá því að örðugleikanna sé fyrst gert vart uns þeir ná inn til sjóndeildarhrings stjórnvalda. Á grunni þeirrar vinnu sem gerð var fyrir hönd ráðuneytisstjórahópsins, og í tengslum við nýjan verðlagsgrundvöll mjólkur, er unnt að taka út verðbreytingar á aðföngum og öðrum kostnaðarliðum reglulega og því hægt að meta breytingar á rekstrarumhverfi landbúnaðarins með tiltölulega lítilli fyrirhöfn.

Mikilvægt er að ráðist verði í það á allra næstu vikum að vinna sambærilega greiningu og ráðuneytisstjórahópurinn gerði árið 2023 og að niðurstöður þeirrar vinnu verði teknar til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd í framhaldinu.

### **Athugasemdir við verðlagsuppfærslu búvörusamninga**

Samkvæmt ákvæðum búvörusamninga skulu árleg framlög samninganna miðast við forsendur fjárlaga fyrir árið 2016, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn síðan leiðréttur í fjárlögum næsta árs.

Erfitt hefur reynst að fá nánari greiningu á því hvernig þessi forsenda búvörusamninga er framkvæmd og bendir allt til þess að verðlagsuppfærslur hafi ekki átt sér stað í samræmi við ákvæði samninganna. Geti þannig uppsöfnuð leiðréttingarþörf hlaupið á umtalsverðum fjárhæðum. Þannig er mikilvægt að fjárlaganefnd taki verðlagsuppfærslurnar til sérstakrar skoðunar og hvernig útreikningum og framkvæmd er háttáð.

### **Úrvinnslugjald á heyrúlluplast og mótvægisáðgerðir**

Bændasamtökin fagna því að í fjárlögum 2025 sé lögð til umtalsverð lækkun á úrvinnslugjaldi heyrúlluplasts, eða úr 82 kr./kg. í 65 kr./kg., sem svarar til 21% lækkunar.

Engu síður verður einnig að minnast á það samhengisins vegna að fyrir tveimur árum hækkaði löggjafinn úrvinnslugjald á heyrúlluplast umtalsvert eða úr 30 kr./kg. yfir í 82 kr./kg. Um var að ræða hækkun sem á þeim tíma var metin á 150-200 milljónir á ársgrundvelli. Í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp þess er varð að lögum nr. 129/2022, um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023, var þess sérstaklega getið að áðgerðin gæti orðið bændum íþyngjandi. Þannig væri óvíst hvernig verð á þessari „*mikilvægu rekstrarvöru bænda*“ myndi þróast næstu mánuði á eftir og af þeim sökum væri mikilvægt að fylgjast vel með þróun mála og beita markvissum áðgerðum með hagsmuni neytenda, bænda og íslensks matvælaíðnaðar að leiðarljósi. Þá beindi meirihlutinn því til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að komið yrði til móts við bændur vegna þessara hækkana og að það yrði metið með hagsmunaaðilum hvernig söfnun og endurvinnsla á heyrúlluplasti gæti verið sem hagkvæmust til framtíðar lítið. Þannig væri unnt að tryggja betri endurheimt og endurvinnslu á heyrúlluplasti í anda hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins og að kostnaður bænda af söfnun þess til endurvinnslu lágmarkaður.

Því miður hafa Bændasamtökin engar fregnir fengið af því hvernig haga eigi mótvægisáðgerðum vegna úrvinnslugjaldsins á heyrúlluplast, þrátt fyrir að meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar hafi beint því til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að komið yrði til móts við bændur í þessum efnum og ennfremur þrátt fyrir þá staðreynd að hækkun úrvinnslugjaldsins á sínum tíma sé komin til framkvæmdar. Þá sendu Bændasamtökin erindi í apríl árið 2023 til umhverfisráðuneytisins, tillögu að mótvægisáðgerð við framangreindri hækkun, um að fella niður úrvinnslugjald á endurunnu heyrúlluplasti sem gæti sparað hátt í 3.744 tonn í CO<sub>2</sub> fótspori væri miðað við árlega notkun á heyrúlluplast sem væri um 1.800 tonn en engin viðbrögð hafa fengist við því erindi.

Með vísan til framangreinds óska Bændasamtökin eftir því við fjárlaganefnd að nefndin móti þær mótvægisáðgerðir sem nauðsynlegar eru vegna þessa árlega kostnaðarauka bænda og að þær verði tilteknar í fjárlögum fyrir árið 2025.

### **Fjármunir í loftslagsmál landbúnaðarins**

Í samkomulagi um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sem undirritað var í ársbygjun 2021 koma fram ýmis markmið um loftslagsmál í íslenskum landbúnaði. Eftirfarandi kemur þar m.a. fram: *Af há, fu s.jórnvalda er fyrirhugað að veija verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Samningsaðilar telja þýðingarmikið að þar verði stutt við framangreind markmið og munu gera sérstaka samningu um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samkomulagsins.*

Í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, sem skrifað var undir þann 15. janúar 2024, er að finna bókun um loftslagsmál. Í bókuninni segir: *Það er sameiginlegt markmið samningsaðila að landbúnaður á Íslandi verði kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040. Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að hefja undirbúning innleiðingar á loftslagsbókhaldi landbúnaðarins í því skyni að bæta og auka skráningu á losun og bindingu kolefnis og eftir atvikum öðrum umhverfisupplýsingum hjá einstökum framleiðendum sem fá stuðningsgreiðslur samkvæmt samningum.*

Í ljósi þess að fram er komin aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu og ný og uppfærð aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem meðal annars er fjallað um þessi atriði er mikilvægt að fjármunir fylgi verkefnum.

### **Betri nýting eftirlitsfjármuna**

Á síðustu mánuðum hefur verið mikil umræða um kostnað við eftirlit, sérstaklega í tengslum við áform um verulega hækkun gjaldskrár Matvælastofnunar (*hér eftir MAST*). Bændasamtökin hafa í þessu samhengi ítrekað bent á mikilvægi þess að leitað sé möguleika til hagræðingar í eftirliti. Hafa samtökin átt góð samtöl við forsvarsmenn MAST og telja Bændasamtökin að þar sé verið að vinna að verkefnum sem geti leitt til mikillar hagræðingar í eftirliti sem felist í aukinni áherslu á áhættumiðað eftirlit. Þessu tengt hafa Bændasamtökin einnig bent á mikilvægi þess að hugleiða að innleiðingu tæknilausna til að lækka kostnað við eftirlit. Slík innleiðing myndi eðlilega felast í auknum kostnaði í upphafi en myndi án nokkurs vafa spara gríðarlegar fjárhæðir í eftirlitsiðnaðinum til framtíðar. Ætla má að slíkur sparnaður myndi hafa jákvæð áhrif fyrir bæði bændur og neytendur.

Þá telja Bændasamtökin nauðsynlegt að farið verði í heildarendurskoðun á því regluverki er varðar eftirlit með það að markmiði að einfalda regluverk og aðlaga það að nýjum lausnum sem margir stærri framleiðendur hafa innleitt, s.s. vottuð innanhúss gæðakerfi. Æskilegt væri að slík endurskoðun tæki bæði til framleiðslu búvara og matvæla almennt og með heildarendurskoðun mætti einnig skoða hagræðingaráhrifin sem fengin væru með því að nýta mannafla stofnananna betur og lækka þannig kostnað.

### **Vernd ræktunarlands og heimildir fjárlaga**

Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga 2025, undir liðnum *ráðstífun lóða, spildna og jarða* er að finna ýmsar heimildir ráðherra. Bændasamtökin gera athugasemdir við að forsendur heimilda eru ekki í öllum tilfellum í samræmi við þær stefnur og áætlanir sem stjórnvöld hafa sett sér. Á þetta t.d. við um lið 3.30 þar sem er að finna opna heimild til ráðstöfunar á landi án þess að tekið sé tillit til atriða í þjóðaröryggisstefnu um fæðuöryggi og landbúnaðarstefnu til ársins 2040 um vernd góðs landbúnaðarlands. Mikilvægt er að farið verði yfir heimildir þessa kafla með framangreindar forsendur í huga.

### **Að lokum**

Í ljósi þess að Bændasamtökin fara með hagsmuni meginþorra framleiðenda í landbúnaði í öllum helstu matvælaframleiðslugreinum í íslenskum landbúnaði, auk þess að vera samningsaðili fyrir hönd bænda við gerð búvörusamninga, óska samtökin eftir því að fá tækifæri til þess að ræða stöðu landbúnaðarins og efni umsagnar þessarar við fjárlaganefnd.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Margrét Ágústa Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri

Sverrir Falur Björnsson,  
hagfræðingur

*Fylgiskjal: Umsögn Bændasamtaka Íslands um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun í l.f.islagsmálum.*

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 27. september 2024

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
*Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar*

**Efni: Umsögn um nýja og uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, mál nr. S-119/2024.**

Bændasamtök Íslands fagna framkominni uppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem aðgerðaáætluninni er ætlað að hafa í för með sér. Þá fagna samtökin allri umræðu um viðfangsefnið enda umhverfismál, og þar með loftslagsmál, og málefni landbúnaðarins nátengdir málaflokkar.

**Megin áherslur**

Landbúnaður hefur þá sérstöðu að vera frumframleiðandi, hvort sem um ræðir matvæli, timbur eða önnur hráefni sem ræktuð eru á landi. Umræðan um loftslagsaðgerðir í landbúnaði þarf að taka mið af þeirri sérstöðu. Bændasamtökin leggja þannig höfuðáherslu á að kvaðir, markmið og aðgerðir í loftslagsmálum landbúnaðarins byggi á og taki mið af **fæðuöryggi, matvælaöryggi og sjálfbærum rekstri býla**. Þessar áherslur hafa beina tengingu við skyldur Íslands í alþjóðamálum, t.a.m.með vísan til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, og einnig samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda, s.s. stefnur um matvæli, landbúnað, þjóðaröryggi og byggðaáætlun.

Það er einnig afstaða Bændasamtaka Íslands að til þess að ná árangri í loftslagsmálum landbúnaðarins þurfi að byggja á a) rannsóknnum og nýsköpun, b) gögnum og gagnasöfnun og c) öflugri ráðgjöf.

**Miklum árangri þegar náð**


Með hliðsjón af framangreindum áherslum, sem og þeirri staðreynd að 96% af reiknaðri losun í landbúnaði komi frá lífrænum ferlum, má ná miklum árangri og sátt um framtíðaraðgerðir. Íslenskir bændur eiga í reynslubankanum bæði aðgerðir og útfærslur í stuðningskerfi landbúnaðar með jákvæðum hvötum sem hafa skilað góðum árangri við innleiðingu nýrra aðferða. Öflugt skýrsluhald og ráðgjafarþjónusta í landbúnaði er líklega eitt besta dæmið um innleiðingu á aðferðum sem hafa skilað mikilli þekkingu, framförum og bættri afkomu bænda. Þessar aðgerðir hafa einnig skilað gríðarlegum árangri í loftslagsmálum en **frá árinu 2005 hefur náðst tæplega 30% samdráttur á hverja framleidda einingu** í íslenskum landbúnaði. Þannig má í reynd fullyrða að með sterkum grunnstoðum og jákvæðum hvötum sé hægt að halda áfram á sömu braut árangurs.

## Frá árinu 2005 hefur tæplega 30% samdráttur náðst á hverja framleidda einingu í íslenskum landbúnaði

Dróun losunar á framleidda einingu

tonn (heildar framleiðsla matvæla á Íslandi)

kg CO<sub>2</sub>íg. / kg (framleidd matvæli)



Heimild: Matarflæði um hægkerfi Íslands, Hagstofan Íslands (2021); Samfélagslosun Íslands (2021), Umhverfisstofnun

### Til framtíðar

Bændasamtökin gera ekki sérstaklega athugasemdir við einstakar aðgerðir í aðgerðaáætluninni. Samtökin eru að vinna að ýmsum stefnumálum tengt umhverfisstefnu landbúnaðarins 2020-2030 og er m.a. unnið að útgáfu **Loftslagsvegvísis landbúnaðarins** þar sem nánar verður fjallað um einstakar aðgerðir og tengingu þeirra við aðgerðaáætlun stjórnvalda. Hins vegar vilja samtökin leggja áherslu á að landbúnaðurinn er óhræddur að takast á við þær áskoranir sem felast í loftslagsmálum en á þeirri vegferð verði að taka mið af því sem að framan hefur verið rakið. Auk þessa verður við útfærslu aðgerða að horfa sérstaklega til eftirfarandi atriða:

#### *Fjármögnun aðgerða*

Mikilvægt er að fjármögnun aðgerða taki mið af þeim áhrifum sem þær kunna að hafa á afkomu bænda. Jákvæðir hvatar við innleiðingu með t.d. umtalsverðum fjárfestingastuðningi er ein leið til að ná jafnvægi milli framangreindra meginmarkmiða ásamt markmiðum í loftslagsmálum án þess að hafa neikvæð áhrif á afkomu. Margar aðgerðir í loftslagsmálum, t.a.m. aðgerðir tengdar áburðarnotkun, hafa einnig jákvæð langtímaáhrif á afkomu bænda en hafa aftur á móti þann ókost að bera **háan stofnkostnað**. Við slíkar aðstæður er **fjárfestingastuðningur** heppilegur hvati.

Ljóst má vera að sumar aðgerðir í loftslagsmálum krefjast **aukins rekstrarkostnaðar** sem ekki hefur samhliða jákvæð áhrif á tekjuhlíð bóa. Slíkar aðgerðir geta þar af leiðandi ógnað afkomu bænda og haft áhrif á sjálfsafslahæfi þjóðarinnar. Í slíkum tilfellum þarf að skoða aðrar leiðir eins og **niðurgreiðslu**, í einhverju formi, af hálfu hins opinbera.

Með vísan til framangreinds sjá Bændasamtökin fyrir að unnt sé að ráðast í mikilvægar aðgerðir í loftslagsmálum án þess að lagðar séu á íþyngjandi kvaðir með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samfélag bænda og þar með matvælaframleiðslu landsins.



### *Sannprófaðar aðgerðir og hröð innleiðing*

Við mat á því hvenær innleiða eigi aðgerðir í loftslagsmálum sem tengjast landbúnaði verður að byggja á því að þær séu **sannprófaðar** og skili tilætluðum árangri. Jafnframt verður að meta aðgerðir út frá því hvort þær hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á **framleiðni** sem er grundvallaratriði þannig að aðgerðir skili raunverulega tilætluðum árangri sem loftslagsaðgerð. Öflug ráðgjafafjónusta er síðan lykillinn að því að innleiða hratt þessar aðgerðir.

### *Náið samstarf.*

Bændasamtökin horfa til þess að eiga áfram náíð samstarf við **stjórnvöld og fræðasamfélagið** um þær aðgerðir sem nú eru til samráðs, sem og mögulegum aðgerðum til framtíðar litið. Í þessu samhengi er mikilvægt að saman komi reynsla bændasamfélagsins, þekking fræðasamfélagsins og stefna stjórnvalda. Með traustu samstarfi og hreinskilnum samtölum má tryggja **þátttökuvilyrði** allra hlutaðeigandi og fagna Bændasamtökin því nána samstarfi sem verið er að móta um það hvernig hrinda megi nauðsynlegum aðgerðum sem þessum í framkvæmd.

Ljóst má vera að sá hluti aðgerðaáætlunarinnar sem snýr að LULUCF þarfnast mun nánari umfjöllunar, greiningar og mats á aðgerðum. Má í því samhengi t.a.m. vísa til umsagnar Náttúrufræðistofnunar, um mál þetta, er lýtur að grundvallaratriðum eins og flokkun lands í skýrsluskilum og hugtakanotkun sem er villandi. Jafnframt þarf að gera **átak í greiningum á landi**, flokkun lands og setja skýrari stefnumörkun um nýtingu.

### *Kolefnisbinding í landbúnaði*

Bændasamtökin sjá mikil tækifæri í því að auka kolefnisbindingu í landbúnaði. Ýmsar aðferðir eru nefndar í því samhengi en nauðsynlegt er, eins og með aðra þætti í aðgerðum í loftslagsmálum, að á bak við slíkar aðgerðir séu **sannprófaðar aðferðir**. Sú aðferð sem er þekktust er skógrækt. Eins og dæmin sanna er mikil þörf fyrir aðkomu stjórnvalda að þeim málaflökki og ekki síst hvað varðar **skipulagsmál**, enda mikil tækifæri fólgin í skógrækt sem og landgræðslu á rýrum svæðum.

Horfa samtökin jafnframt til annarra þátta á þessu sviði og fylgjast grannt með þróun mála. Hjá samtökunum liggur það ávallt til grundvallar og leggja þau áherslu á að allar aðgerðir, s.s. ræktun skóga og endurheimt votlendis, séu unnar **í sátt við matvælaframleiðslu** og miðist að því að ræktunarland verði áfram aðgengilegt sem slíkt.

### **Að lokum**

Afar mikilvægt er að samhliða því að hugað verði að innleiðingu nýrra aðgerða í loftslagsmálum landbúnaðarins **missi stjórnvöld ekki sjónar á þeim aðgerðum sem fram að þessu hafa skilað árangri**, eins og **losunartölur á framleidda einingu** síðustu tveggja áratuga bersýnilega bera með sér. Höldum áfram á sömu braut, styrkjum grunninn, innleiðum hratt nýjar sannprófaðar aðgerðir og nýtum til þess jákvæða hvata. Með allt framangreint að leiðarljósi mun íslenskur landbúnaður vera vel fær um að halda áfram að leggja sitt af mörkum í loftslagsmálum og **framleiða loftslagsvænustu afurðir heims**.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara **samráðs og samtals** um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Margrét Ágústa Sigurðardóttir  
framkvæmdastjóri

Hilmar Vilberg Gylfason  
sérfræðingur sjálfbærni